

Skipulagsstofnun
Rut Kristjánsdóttir,
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. nóvember 2012
Tilvísun: UST20120800056/há

Frekari umsögn um gerð ísganga í Langjökli.

Umhverfisstofnun vísar í erindi dags 31. október sl. þar sem óskað er frekari umsagnar stofnunarinnar í ljósi viðbragða framkvæmdaraðila um ísgöng í Langjökli. Umhverfisstofnun hafði veitt umsögn þann 31. ágúst sl. og taldi að með vísan til þess er fram kemur í greinargerð, að seinni áfangi framkvæmdarinnar verði háður niðurstöðum rannsókna í fyrri áfanga, lægi ekki fyrir í dag endanlegt umfang umræddrar framkvæmdar og því þyrfti að taka afstöðu til seinni hluta framkvæmdarinnar þegar niðurstöður rannsókna úr fyrri áfanga lægju fyrir.

Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar var einnig bent á að í greinargerð kæmi ekki fram að vitað væri með vissu hvort vegur nr. 550 og 551 þyldi aukna umferð. Einnig benti stofnunin á að ekki væri fjallað um bílastæði fyrir aukinn fjölda ferðamanna á svæðið.

Almennt um framkvæmdina

Í svari framkvæmdaraðila vegna endanlegs umfangs fyrirhugaðrar framkvæmdar segir „Framkvæmdaraðili mótmælir þessu enda er umfang seinni hlutans nægilega vel lýst í greinargerð með tilkynningu framkvæmdarinnar til Skipulagsstofnunar. Fram kemur hve mikið rúmmál verði grafið út og lega ganga og hella sýnd á sniðmynd. Þær athuganir sem gerðar verða í kjölfar fyrri hluta framkvæmdarinnar snúa að tæknilegum lausnum en ekki umfangi framkvæmdarinnar eða umhverfisáhrifum. Ekki þarf að bíða eftir niðurstöðum athuganna til að taka afstöðu til þess hvort framkvæmd hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Það er verkefninu nauðsynlegt að fyrir liggji í upphafi hvort framkvæma megi seinni hlutann“.

Umhverfisstofnun bendir á að umrædd framkvæmd er ekki leyfis skyld til stofnunarinnar. Umhverfisstofnun taldi m.t.t. þess er kom fram í greinargerð framkvæmdaraðila þar sem segir að seinni áfangi væri háður niðurstöðum rannsókna í fyrri áfanga, eðlilegt að fyrst væri fjallað um rannsóknaráfangann og síðan um framkvæmdaráfangann þegar fyrir lægju niðurstöður rannsókna.

Aðgengi

Í svari framkvæmdaraðila um hvort vegir nr. 550 og 551 þoli aukna umferð segir: „Áætlanir framkvæmdaraðila um fjölda gesta í ísgöngin hljóða upp á 20.000 gesti á ári. Gert er ráð fyrir

að stór hluti þessara gesta séu þeir sem þegar koma á Langjökul og að þeir sem koma til viðbótar komi flestir í skipulögðum rútuferðum. Miðað við 40 gesti í rútu er ljóst að um er að ræða innan við 2 ferðir á dag að jafnaði. Af þessu má sjá að um mjög litla aukningu í álagi á vegina er að ræða. Vegagerðin undirbýr nú lagfæringar á þeim hluta vegar nr. 550 sem liggur frá Húsafelli að afleggjara að Langjökli (vegi nr. 551). Umræddir vegir þola álag sem slíkt enda er í raun ekki um eiginlega veguppbyggingu að ræða. Svo fremi sem vegurinn er fær þolir hann umferðina.


Í svari framkvæmdaraðila um bílastæði á svæðinu segir: „Hvað varðar þörf á bílastæðum þá er ljóst að bæta mætti alla aðstöðu við jaðar Langjökuls líkt og á fjölmörgum áfangastöðum ferðamanna á Íslandi. Í raun er ekki um eiginleg bílastæði að ræða heldur er bílum einfaldlega lagt á svæðinu og má lengi leggja fleiri bílum þar. Umferð vegna ísganganna breytir í raun ekki ástandinu. Það sem stendur gerð aðstöðu fyrir þrifum er fyrst og fremst óvissa um hver skuli bera kostnaðinn en ekki liggur fyrir hver er eiginlegur landeigandi á svæðinu“.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að afmarkað verði bílastæði við jaðar Langjökuls til að lágmarka rask á svæðinu og til að sporna við utanvegarakstri.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin eins og henni er lýst í greinargerð og í frekari viðbrögðum framkvæmdaraðila, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háð mati á umhverfisaáhrifum skv. 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 m.s.b. og 11 gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur þó mikilvægt að ef umfang framkvæmdarinnar kemur til með að breytast þegar niðurstöður rannsókna liggja fyrir að þá verði þær breytingar metnar m.t.t. hugsanlegra umhverfisáhrifa.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Deildastjóri


Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur